

SVIÐSMYNDIR FYRIR RÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT Á YFIRFÆRANLEGRI HÆFNI

Hverjir eru notendur og hvaða skref þurfa þeir að taka?

Stutt lýsing

TRANSVAL-EU ráðleggingar fyrir stefnumótendur
Varsjá, júlí 2023

Iwona Gmaj

*Í samstarfi við Barbara Fijalkowska (IBE), Roksana Pierwieniecka (IBE),
Joanna Śmigiel (IBE).*

Í sviðsmyndinni sem hér er kynnt eru tilmæli um stefnu úr TRANSVAL-Evrópuverkefninu sem sýnir hvernig innleiða má yfirfæranlega hæfni í ráðgjöf og raunfærnimat um leið og tillit er tekið til mismunandi námsferla þeirra einstaklinga sem ganga í gegnum ráðgjöf og raunfærnimat af þessu tagi.

Verkefnið

Tilmælin eru meðal niðurstaðna verkefnisins Mat á yfirfæranlegri hæfni í raunfærnimati þvert yfir Evrópu (e. Validation of transversal skills across Europe (TRANSVAL-EU) verkefni sem styrkt er af Erasmus+, KA3 – Policy Reform – Policy Experimentation (626147-EPP-1-2020-2-AT-EPPKA3) -PI-STEFNA). Markmiðið með verkefninu var að efla yfirfæranlega hæfni og tengda eflingu á færni meðal ráðgjafa og sérfræðinga¹ í raunfærnimati. Kjarni verkefnisins fólst í því að útbúa úrræði fyrir sérfræðinga, auk þess að þjálfa þá og framkvæma síðan vettvangsrannsóknir í 5 Evrópulöndum (Austurríki, Belgíu, Ítalíu, Litháen, Póllandi), sem prófuðu notkun yfirfæranlegrar hæfni í ráðgjöf og mati á raunfærni.

Aðferðafræði hönnunar

Sviðsmyndin er byggð á niðurstöðum þemabundinnar vinnustofu með aðferðum hönnunarhugsunar fyrir sérfræðinga frá öllum löndunum þar sem vettvangsprófanir fóru fram, auk greiningar á öðrum rannsóknargögnum sem aflað var í verkefninu.

Aðferðin sem kennd er við hönnunarhugsun á rætur sínar að rekja til upplýsingatækni og er lögð áhersla á að afla á fljótlegan hátt innsýnar í reynslu notenda, nýta forprófanir á ódýrum frumgerðum, sem og líkan sem býður upp á endurtekningar. Þrátt fyrir að aðferðin eigi uppruna í framleiðslugreinum er hægt að beita tækni hennar með góðum árangri við stefnumótun þar sem aðferðin hjálpar til við að efla sköpunargáfu stefnumótunarsérfræðinga sem og þeirra sem njóta góðs af stefnunni. Aðferðin stuðlar einnig að tilfinningu þeirra fyrir að hafa komist í sameiningu að lokaniðurstöðunni. Aðferðin hefur verið notuð í TRANSVAL-ESB verkefninu tvisvar – við upphaf þess í vettvangsrannsókninni sem gerð var til undirbúnings vettvangsprófunum til að kortleggja vinnuflæði og þarfir sérfræðinganna, og í lok þess við þróun sviðsmynda.

Heildarrannsóknaraðferðafræðin sem beitt var í verkefninu byggðist á fyrirbærafræðilegri nálgun og áhrif íhlutunarinnar voru mæld með fyrirfram- og eftirámati sem beindist að sérfræðingum, sem og einstaklingunum sem í hlut eiga. Sem afleiðing af innri hliðar gagnagreiningu byggði undirbúningsefnið sem útbúið var fyrir þemavinnustofuna aðallega á tveimur þáttum: Niðurstöðum fyrrnefndrar vettvangsrannsóknar, einkum ráðgjafar- og raunfærnimatsferlinu sem hannað var með sérfræðingunum; niðurstöðum matsins sem beindust að einstaklingunum, sem innihélt upplýsingar um samfélagsfræðileg einkenni þeirra og mældi áhrif verkefnisins á breytur tengdar félagslegri inngildingunni og yfirfæranlegri hæfni.

¹ Í íslensku þýðingunni er með sérfræðingum átt við þá sem koma að mati á raunfærni svo sem ráðgjafa, verkefnastjóra og matsaðila

Mikilvægustu aðferðirnar sem beitt var á vinnustofu um hönnunarhugsun fólust í sérsniðnu, forútfylltu sniðmáti sem sameinar yfirsýn yfir feril viðskiptavinarins og þjónustuáætlun, auk sérsniðinna, að hluta til forútfyllt sniðmáti sem lýsir persónuleika.

Vinnustofan var netviðburður sem fram fór á ensku og haldin var í júní 2023. Samstarfsaðilar verkefnisins voru ábyrgir fyrir vali á þátttakendum en það var samræmt af meðstjórnanda verkefnisins – Símenntunarvettvanginum (e. Lifelong Learning Platform). Alls tóku 13 sérfræðingar á sviði ráðgjafar- og raunfærnimats frá 6 löndum þátt (fulltrúar samstarfsaðila verkefnisins frá öllum löndunum þar sem vettvangsprófanir fóru fram auk Íslands). Samstarfsaðili í verkefninu, Iwona Gmaj Insight, skipulagði, framkvæmdi og stjórnaði vinnustofunni auk aðal samstarfsaðila frá Póllandi – Educational Research Institute. Á vinnustofunni var unnið með Miro hugbúnaðinn, eða stafræna töflu, þar sem öllu efni og endurgjöf var safnað saman og unnið með. Í júní-júlí 2023 var vinnustofunni fylgt eftir með frekari samatekt á endurgjöf.

Niðurstöður og tilmæli

Sviðsmyndinni er lýst í formi skýringarmyndar sem er skipulögð eftir reynslu einstaklingsins af því að vinna með yfirfæranlega hæfni í ráðgjöf og raunfærnimati. Námsleiðir einstaklinganna hafa verið settar fram sem „dæmigerðir einstaklingar“ (e. Persona). Sviðsmyndin hefur verið tengd við „dæmigerða einstakling“ með því að kortleggja þarfir þeirra í sviðsmyndinni, það er með því að draga fram þau skref eða úrræði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir þá.

Ráðgjafar eða raunfærnimatsaðilar geta útfært sviðsmyndina að hluta eða í heild. Til að auka getu til að yfirfæra sviðsmyndarinnar sem stefnu milli mismunandi Evrópulanda og stofnana hefur ein yfirgripsmikil en sérhönnuð sviðsmynd verið þróuð. Hún er nógu almennt orðuð (með því að beina sjónum að þeim árangri sem einstaklingurinn hefur náð) til að falla að mismunandi ferlum og nálgunum, og nægilega ítarleg (meðal annars með nauðsynlegum tilföngum stofnana) til að auðvelda ráðgjöfum og raunfærnimatsaðilum að laga það að þörfum sínum. Sviðsmyndin beinist að yfirfæranlegri hæfni og sýnir ekki allt ráðgjafar eða raunfærnimatsferlið.

Til að draga saman, þó að líta megi á sviðsmyndina sem sjálfstætt ferli og að hún sé sett fram sem slík, var hún fyrst og fremst þróuð til að falla að þeim ráðgjafar- og raunfærnimatsferlum sem þegar eru til staðar.

Hvernig á að lesa atburðarásina og Persónur

Sviðsmyndin er hlaðin upplýsingum og er best að lesa hana í hárrí upplausn. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar: TSC (yfirfæranleg hæfni) og G&V (ráðgjöf og raunfærnimat).

Skýringarmyndin samanstendur af textareitum sem lýsa mismunandi verkefnum sem einstaklingurinn og starfsfólk ráðgjafar- og raunfærnimatsaðila (venjulega sérfræðingar) sinna, svo og þau tilföng sem notuð eru. Skýringarmyndin er lögð yfir töflu sem sýnir fasa og lög ferlisins.

Eftirfarandi þrepum og samsvarandi reynslu einstaklingsins er lýst:

1. aðdragandi ferlisins – undirbúningsstig án þátttöku einstaklings,

2. að upplýsa einstaklinginn – umsækjandi skilur yfirfæranlega hæfni og er tilbúinn að bera kennsl á og skjalfesta hana,
3. að byggja upp meðvitund og sjálfssálit – einstaklingurinn er valdefldur og meðvitaður um yfirfæranlega hæfni sína,
4. að bera kennsl á yfirfæranlega hæfni – einstaklingurinn hefur skráð og lýst yfirfæranlegri hæfni sinni,
5. skjalfesting yfirfæranlegrar hæfni - einstaklingurinn hefur safnað saman gögnum til sönnunar á yfirfæranlegri hæfni,
6. gripið til aðgerða – einstaklingurinn nýtir yfirfæranlega hæfni til að ná markmiðum sínum.

Lögum ferlisins er lýst í röðum töflunnar eru:

1. Inntak viðtala (samskipti milli einstaklings og sérfræðings),
2. verkfæri í viðtölum (samskiptaleiðir milli einstaklings og sérfræðings),
3. verkfæri í framkvæmd (verkfæri sem sérfræðingur notar til að framkvæma síðari stig ferlisins og af einstaklingur til að ná tilætluðum árangri),
4. önnur ferli eða verkfæri (öll úrræði og verkefni/aðgerðir/niðurstöður frá stofnuninni sem annast ráðgjöf eða raunfærnimat þar sem sérfræðingarnir voru við störf).

Lýsing einstaklinganna nær yfir helstu samfélagsfræðilega sérkenni, markmið þeirra, hvata og þarfir, áskoranir sem þeir standa frammi fyrir og áhrif þess að geta nýtt yfirfæranlegrar hæfni í ráðgjöf og í mati á raunfærni sem þeir gangast undir (lýst sem „viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni“). Þó að þeim sé lýst sem raunverulegum einstaklingum með nafni og svo framvegis, eiga þeir að tákna snið einstaklinga eða alhæfingu á tegund umsækjanda sem tekur þátt í leiðsögn og staðfestingarferlinu. Þó að eiginleikar þeirra séu að hluta til byggðir á meginlegum gögnum um umsækjendur sem tóku þátt í TRANSVAL-ESB vettvangsprófunum, ætti ekki að skilja þau sem tölfræðilega dæmigerð fyrir heildarþýði umsækjenda í hverju landi.

Við kortlagningu á þörfum persónanna á sviðmyndina var notast við sömu skýringarmyndina sem lýst var hér að ofan í svarthvítu. Mismunandi textareitir með lýsingu á verkefni eða úrræði voru auðkenndir í með lit samsvarandi lýsingu á viðkomandi persónu. Þetta þýðir ekki að það sem eftir fer af sviðsmýndinni sé ekki mikilvægt eða ekki þurfi að beit öðrum verkþáttum eða úrræðum, heldur frekar að sérfræðingarnir, sem og ráðgjafar- og raunfærnimatsaðilar, ættu að beina sérstakri athygli að merktum verkþáttum þegar þeir sinna einstaklingum sem búa yfir eiginleikum viðkomandi persónu.

Heimildir:

Heildarskýrsla um þróun sviðsmýndarinnar með niðurstöðum:

Gmaj, I., Fijałkowska, B., Pierwieniecka, R., Śmigiel, J. (2023). *Guidance and validation scenario for transversal competences. Who are the users and what are the steps to take? TRANSVAL-EU policy recommendation*. Warsaw: TRANSVAL-EU. [retrieved 30.08.2023


https://www.transvalproject.eu/wp-content/uploads/2023/08/TRANSVAL-EU_Guidance-and-validation-scenario-report_final_Iwona-Gmaj-Insight_20230731.pdf]

Research report describing the impact of the experimentation in TRANSVAL-EU:

De Greef, M., Fellingner, J., Dhengozova, M., Gmaj, I., Fijalkowska, B., Pierwieniecka, R., Wójcicka, A. & Auzinger, M. (2023). *The impact of validation and guidance of transversal skills: Scientific impact study of the field trials of the European project TRANSVAL-EU*. Brussel/Vienna: TRANSVAL-EU. [retrieved 28.07.2023 https://www.transvalproject.eu/wp-content/uploads/2023/07/Transval-EU_Research-Report_THE-IMPACT-OF-VALIDATION-AND-GUIDANCE-OF-TRANSVERSAL-SKILLS_07-2023.pdf]

TRANSVAL-EU website:

<https://www.transvalproject.eu/>



PERSONA 1

EMMA



- 32 ára
- Belgi
- hefur lokið framhaldsskóla
- atvinnuleitandi

markmið

- er í atvinnuleit
- er undirbúinn undir breytingar
- endurskoðun á atvinnu

hvatar

- efnahagur stöðugur
- að átta sig á hugmynd sinni um bestu útgáfuna af sjálfri sér
- að vera fyrirmynd (sem foreldri)
- sjálfstæði (í samböndum)

þarfir

- starfsferilsráðgjöf
- hvatning til að komast tilbaka
- út á vinnumarkaðinn
- föst dagleg rútfína

áskoranir

- tímaskortur
- lítið sjálfstraust
- (sökum þess að hafa misst vinnuna)
- endurmenntun/eða uppfærsla hæfni
- fyrir draumastarfið
- víkka út eigin hugmynd um sjálfa sig og hver hún getur verið

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- eftir að hafa notið ráðgjafar og mats á raunfærni telur hún sig hæfir til að leysa vandamál, efla samstarf og eiga í munnlegum eða skriflegum samskiptum
- hún skilur betur hvað yfirfæranleg starfshæfni er og hvaða hæfni hún býr yfir

PERSONA 2

PAUL



- 26-45 ára
- útlendingur búsettur í Austurríki
- lauk háskólanámi
- sinnir launaðri vinnu

markmið

- inngilding (að skilja menninguna, eignast vini o.s.frv.)
- víkka sjónarhorn sitt á persónulegum og faglegum vettvangi

hvatar

- frekari starfsþróun
- að leita að lífsfyllingu (vinna sem samsvarar menntun hans og ríkulegu félagslífi)

þarfir

- að finna vinnuumhverfi sem gerir betri samþættingu og persónulegan þroska
- að fá viðurkenningu á hæfni sinni

áskoranir

- fá viðurkenningu á formlegri menntun sinni erlendis
- einangrandi vinnuumhverfi
- nokkrir tungumálaörðugleikar
- skortur á upplýsingum átti að sækja um störf (rafrænar gáttir o.fl.)
- skortur á tækifærum til að

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- eftir að hafa notið ráðgjafar og mats á raunfærni finnst honum hann vera betur félagslega tengdur, auk þess sem hann er hæfari til að nota munnleg og skrifleg samskipti, leysa vandamál og hlúa að samvinnu, í minna mæli - að nota stafræna tækni og byggja upp starfsferil sinn
- hann skilur betur hvað yfirfæranleg starfshæfni er og hvaða hæfni hann býr yfir

PERSONA 3

SOFIA



- 26-45 ára
- Ítali
- lauk háskólanámi
- atvinnuleitandi

markmið

- í atvinnuleit
- skilja hvernig hún getur nýtt hæfni sína (tækifæri)
- skilja hvaða hæfni hún býr yfir (meðvitund)

hvatar

- breyting á umhverfi sem námsmaður yfir í fullorðinn í atvinnu
- fjárhagslegt öryggi
- lífsfylling

þarfir

- heildræn nálgun ráðgjafar (sem tengist ekki aðeins hæfni hennar heldur lífi hennar í heild)
- að venjast virkni í atvinnuumhverfi

áskoranir

- hindranir fyrir því að geta unnið (dagvistun í boði, búseta á svæði þar sem engin eftirspurn er eftir hæfni hennar)
- hindranir við að öðlast nýja hæfni (skortur á tíma, peningum og tækifærum til

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- eftir að hafa notið ráðgjafar og mats á raunfærni finnst henni hún vera betur í stakk búin til þess að nota munnleg og skrifleg samskipti, í minna mæli - leysa vandamál og hlúa að samvinnu
- hún skilur betur hvað yfirfæranleg starfshæfni er og hvaða hæfni hún býr yfir

PERSONA 4

JAKUB



- 16-18 ára
- Pólverji
- lauk námi í grunnskóla
- sinnir launaðir vinnu

markmið

- að ljúka námi
- fá góð laun
- verða sjálfstæður
- ná skjótum árangri

hvatar

- að skipuleggja framtíðina
- uppfylla kröfur á vinnumarkaði
- ná jafnvægi á milli vinnu og einkalífs
- njóta lífsfyllingar í vinnu

parfir

- sjálfspróun
- félagsleg þátttaka
- skilvirkni og hagkvæmni í þeim ferlum sem hann er virkur í
- gott hópefli

áskoranir

- metur ekki yfirfæranlega hæfni nema þeirri sem vinnuveitendur krefjast
- vinnuveitendur meta yfirfæranlega ferli en hún er ekki þáttur í ráðningarferli þeirra
- að leysa vandamál og sætta sig við ósigur

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- eftir að hafa notið ráðgjafar og mati á raunfærni upplifir hann sig betur inngildan, auk þess sem hann getur nýtt sér munnleg og skrifleg samskipti, leyst vandamál eft samskipti. byggt upp starfsferil sinn og þróað hæfni sína
- hann skilur fullkomlega hvað felst í yfirfæranlegri hæfni og hvaða hæfni hann býr yfir

PERSONA 5

LINA



- yngri en 25 ára
- Letti
- hefur lokið framhaldsskóla
- sinnir launuðu starfi

markmið

- ný færni
- breyting á starfsferli
- skammur tími í þjálfun

hvatar

- nýtt starf
- betri skilningur á getu hennar
- viðurkenning vinnuveitenda

þarfir

- hvatning
- ráðgjöf
- ný þekking

áskoranir

- skortur á sjálfstrausti
- þarf formlega vottun á yfirfæranlegri hæfni
- tímaleysi

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- eftir að hafa notið ráðgjafar og mats á raunfærni, finnst henni hún vera betur inngild í samfélagið, auk þess sem hún er hæfari til að beita munnlegum og skriflegum samskiptum, leysa vandamál, efla samvinnu, í minna mæli – að byggja upp starfsferil og stýra virkni sinni
- hún skilur fullkomlega hvað yfirfæranleg hæfni er og hvaða hæfni hún býr yfir

PERSONA 6

SIGGI



- 36 ára
- Íslendingur
- hefur lokið grunnskóla
- sinnir launuðu starfi

markmið

- að endurskrifa söguna
- greina eigin styrkleika
- verða teymisstjóri í vinnunni

hvatar

- þróa sérstækari færni fyrir annað starf
- komast á næsta stig í starfi sínu

þarfir

- fá yfirsýn yfir tækifæri sín
- hafa orðaforða til að tala um eigin færni
- njóta stuðnings við ákvörðun um næstu skref í færniþróun

áskoranir


- neikvæð reynsla af formlega skólakerfinu
- ákvarðanatataka byggð á neikvæðri reynslu af skólum

viðbrögð við ráðgjöf og raunfærnimati þar með talin yfirfæranleg færni

- hún fann til valds eftir að hafa farið í gegnum ferlið við að bera kennsl á yfirfæranlega hæfni- hún skildi að hún býr yfir meiri færni og þekkingu en hún bjóst við og fór að sjá fleiri tækifæri til frekara náms og starfsþróunar
- hún skilgreindi á hvaða sviði hún vill styrkja sig og þær námsleiðir sem þarf til að gera það, og mun færa hana nær markmiði sínu um að verða teymisstjóri í vinnunni


Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)




Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)




Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)




Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)



Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)



Sviðsmyndir ráðgjafar og raunfærnimats á yfirfæranlegri hæfni og hæfni

Ákvæði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir dæmigerða einstaklinga (e. Persona)



REYNSLA
EINSTAKLINGSSINS

INN TAK VIÐ TALA

VERKFERI / FERLINU

VERKFERI / FRAMKVÆMD

ÖNNUR FERLI/VERKFERI

